



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 2. júní 2025
USK25060018

TILLAGA

Tillaga um færslu strætóstöðvar við Selásbraut

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að strætóstöð á Selásbraut, sem í dag er á milli gatnamóta við Þverás, verði færð sunnan við Þverás.

Greinargerð:

Fyrirhugaðar breytingar eru til komnar vegna uppbyggingar við Brekknaás, en þar er verið að byggja upp nokkuð þetta íbúabyggð. Færslan, sem er um 50 metrar, myndi þýða betra bil milli strætóstöðva, en í dag eru einungis um 150 m í beinni loftlínu milli umræddra stöðva og þeirrar sem er við Víkurás. Eftir breytingar væru um 200 m akstursleið að stöðinni við Víkurás og um 400 m akstursleið að næstu stöð þar á eftir, við Vallarás.


Vinna hefur verið í gangi með Strætó við mótun framtíðarleiðarnets og hefur við þá vinnu verið m.a. skoðað hvernig jafna megir bil milli strætóstöðva á þessum kafla. Samkvæmt framtíðarleiðaneti Strætó stendur til að Borgarlínuleið F aki þennan kafla, en til að tryggja viðunandi ferðatíma er mikilvægt að tryggja að bil milli stöðva sé ekki of þétt. Sú vinna mun halda áfram og eru breytingarnar í samræmi við hana.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Loftmynd sem sýnir í grófum dráttum færslu strætóstöðvar með rauðu

Hjálagt: Yfirlitsmynd sem sýnir hönnun á nýrri stöð

Hjálagt: Yfirlitsmynd sem sýnir áætlaða dreifingu strætóstöðva á svæðinu eftir breytingu og 150 m radius frá hverri stöð.



Reykjavík





Reykjavík